

3f – Aðalfundur 5. júní 2013

Tími: Haldinn í Verzlunarskóla Íslands 5. júní 2013, kl. 16:00–17:30

Mættir: Stjórnarmenn og örfáir aðrir.

Fundarritari: Sólveig Friðriksdóttir

Aðalfundur 3f, félags um upplýsingatækni og menntun var haldinn 5. júní í Verzlunarskóla Íslands. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt eftirfarandi dagskrá.

1. Formaðurinn, Sigurður Fjalar Jónsson, tilnefndi fundarstjóra og ritara fundarins, Sólveigu Friðriksdóttur.
2. **Skýrsla formanns:**
Formaðurinn lagði fram og fór í gegnum skýrslu fyrir síðastliðið starfsár. Að venju var mikið um að vera og margt áhugavert og fróðlegt í gangi. Skýrslan var samþykkt.
3. **Skýrsla gjaldkera:**
Gjaldkeri félagsins, Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, fór í gegnum ársreikninga félagsins fyrir síðastliðið starfsár. Þeir voru skoðaðir af skoðunarmönnum. Einnig fór gjaldkeri í gegnum reikninga vegna UT-leiðtogaverkefnisins og stöðuna á þeim reikningi.
Ekki var tekið fyrir hvort árgjaldið væri óbreytt, eða 0 kr.
4. **Kosning stjórnar:**
Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, gjaldkeri og Sigurður Fjalar Jónsson láta bæði af störfum í stjórninni. Einn nýr félagsmaður var kosin í stjórnina, Anna Margrét, leiksskólastjóri á leikskólanum Nóaborg. Ekki gekk að fá einn til viðbótar en það verður athugað frekar. Elínborg Siggeirsdóttir var kosin formaður félagsins. Stjórnin mun síðan skipta með sér verkum á næsta fundi.
5. **Skoðunarmenn reikninga:**
Skoðunarmenn reikninga bjóða sig áfram fram til eins árs, þau Þorbjörg Garðarsdóttir og Kristján Kristjánsson. Stungið var upp á Ernu Jóhannsdóttur, viðskiptafræðikennara við FÁ, í stað Kristjáns og var það samþykkt.

Bornar voru fram veitingar á meðan á fundinum stóð. Eftir hefðbundin aðalfundarstörf kynnti Sigurður Fjalar, fráfari formaður, netnámskeið sem félagið hefur hug á að vinna og bjóða fram næsta haust. Áformað var að búa til fjögur námskeið en byrjað verður á námskeiði um Moodle með aðkomu Endurmenntunar HÍ.

Viðstaddir spjölluðu síðan góða stund um hin fjölbreyttu verkefni sem félagið mun standa að nú í sumar og á næsta starfsári.

Sólveig Friðriksdóttir
fundarritari